



Alþingi
Erindi nr. *Þ* 138/1429
komudagur 26.3.2010

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Dalabyggð, 24. mars 2010
1003037 GA

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum

Fjármálareglur fyrir sveitarfélögin í landinu eru nauðsyn. Dalabyggð gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin:

Í 1 gr. frumvarpsins, sem á við 58. gr. sveitarstjórnarlaganna, kemur fram að ráðherra setji reglugerð hvar mælt verði fyrir um ársfjórðungsleg skil upplýsinga úr bókhaldi sveitarfélaga. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið dæmi af því að eftir bankahrunið hafi verið leitað eftir upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafi hins vegar verið misdugleg að skila inn umbeðnum fjármálagögnum og kemur fram í greinargerðinni að ástæða þess sé að um valkvæð skil hafi verið að ræða.

Hafa ber í huga að stærð sveitarfélaga er mismunandi. Möguleikar þeirra til að leysa umfram verkefni innan stjórnsýslunnar geta verið takmarkaðir. Þannig eru mörg minni sveitarfélög með 1-3 starfsmenn í vinnu á skrifstofum sínum. Kostnaður fyrir þessi sveitarfélög kann því að aukast – ekki síst ef endurskoðendur þurfa að koma að þessari vinnu. Skil sveitarfélaga á gögnum eftir bankahrunið voru íþyngjandi fyrir sum þessara sveitarfélaga. Það er mat okkar að þetta atriði spili stærra hlutverk en hvort skilin séu valkvæð eður ei. Allar fullyrðingar um að óverulegur kostnaður falli á sveitarfélögin geta því vart staðist. Ekkert er hægt að fullyrða um slíkt fyrr en reglugerð ráðherra liggur fyrir.

Dalabyggð beinir því til Alþingis að tekið verði tillit til þess að líklegt megi teljast að kostnaður vegna breytinga laganna geti verið nokkur sérstaklega í tilfalli minni sveitarfélaga. Reglugerð ráðherra þurfi því að liggja fyrir jafnhliða þannig að hægt verði að leggja raunhæft mat á kostnað og aukið vinnuálag innan stjórnkerfis sveitarfélaganna í kjölfar lagabreytingarinnar.

Virðingarfyllst



Grimur Atlason
sveitarstjóri